

## Svar

### matvælaráðherra við fyrirspurn frá Ernu Bjarnadóttur um tryggingavernd og starfsemi Bjargráðasjóðs.

1. *Hefur ráðherra látið gera úttekt á tryggingavernd sem Bjargráðasjóður veitir samkvæmt lögum um sjóðinn nr. 49/2009? Ef svo er, hvað hefur hún leitt í ljós?*

Bjargráðasjóður veitir ekki tryggingavernd eins og hún er skilgreind í lögum um váttryggingarsamninga, nr. 30/2004. Til hans eru ekki greidd iðgjöld sem tryggja greiðendum afmarkaða vernd í skilningi laganna. Meginhlutverk sjóðsins er skilgreint með eftirfarandi hætti í 8. gr. laga nr. 49/2009: „Hlutverk Bjargráðasjóðs er að veita einstaklingum og félögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar beint tjón af völdum náttúruhamfara.“ Aðstoð Bjargráðasjóðs er eingöngu fölgín í veitingu styrkja samkvæmt nánari ákvæðum laganna og ákvörðun stjórnar hans.

2. *Telur ráðherra þá tryggingavernd sem sjóðurinn veitir nægilega?*  
Vísað er til svara við 1. og 4. tölul.

3. *Felur það í sér mismunun gagnvart þeim rekstraraðilum sem falla undir tryggingavernd laganna þegar margir verða samtímis fyrir tjóni, eins og t.d. kali í túnnum, og gripið er til sérstakra fjárveitinga í sumum tilvikum, en í öðrum verða takmarkaðar fjárveitingar að skiptast með ógagnsæjum hætti milli tjónþola með þeim afleiðingum að þeir bera jafnvel minni bætur úr býtum þó að um sambærilegt tjón sé að ræða?*

Eins og fram kemur í svari við 1. tölul. fela lög um Bjargráðasjóð, nr. 49/2009, ekki í sér tryggingavernd samkvæmt lögum nr. 30/2004, heldur styrkveitingar sem hljóta alltaf að ráðast af þeim fjármunum sem til ráðstöfunar eru hverju sinni.

4. *Telur ráðherra að þessi staða kalli á einhver viðbrögð og þá hver?*

Í aðgerðaáætlun þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til eflingar á landbúnaði sem kynnt var í febrúar 2021, kemur fram að tryggingavernd bænda verði greind, kannað verði fyrirkomulag slíkrar tryggingaverndar í nágrennalöndum og gerðar tillögur til úrbóta. Þáverandi ráðherra skipaði starfshóp vegna þess verkefnis í ágúst 2021 sem falið var að fara yfir núverandi stöðu málsins, ásamt gildandi regluverki um áfallatryggingar í landbúnaði og gera áður nefndar tillögur til úrbóta. Í hópinn voru skipaðir fulltrúar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis (nú matvælaráðuneytis), fjármála- og efnahagsráðuneytis, Náttúruhamfara- trygginga Íslands, Bjargráðasjóðs, Samtaka fjármálafyrirtækja og Bændasamtaka Íslands. Hópurinn hefur ekki lokið störfum.